



Samspil örflæðis og almenningsamgangna. Albert Skarphéðinsson og Guðrún Birta Hafsteinsdóttir. Mannvit hf. – febrúar 2022.

Ágrip skýrsluhöfunda:

Vinsældir örflæðis (e. micromobility) sem ferðamáta hafa aukist mikið undanfarin ár og deilipjónustur hjóla og rafskúta hafa séð auknar vinsældir um land allt. (Deili)örflæði er oft hugsað til þess að aukanotkun á vistvænum ferðamátum og minnka notkun einkabílsins og þar af leiðandi minnka losungróðurhúsalofttegunda.

Örflæði er hugtak yfir lítil og létt farartæki(undir 500kg)sem henta til styttri ferða. Hjól, rafhjól, hlaupahjól og rafskútur eru meðal annarsfarartæki sem flokkast undir örflæði. Farartæki örflæðis getafarið allt að 25 km/klst. hraða og geta verið bæði knúin áfram af líkamlegu afli eða með rafmagni.

Nokkrar gerðir af deiliörflæðiskerfum eru til, bæði fyrir hjól og rafskútur. Deilihjólakerfi er oft hægt að skipta í tvær gerðir, annars vegar þar sem eru stöðvar þar sem hjólin eru sótt og skilað á merktum stöðvum (e. dock-based) og hins vegar án stöðva (e.dockless) þar sem hjólin geta verið skilin eftir í hvaða hjólastæði sem er innan ákveðins svæðis. Um allan heim berst fram sú spurning hvort að þessar deilipjónustur séu að taka notendur af almenningsamgöngum eða hvort þær geti unnið með almenningsamgöngum og aukið þannig notkun allra vistvænna ferðamáta. Með komu borgarlínunnar og nýs leiðanets er áhugavert að skoða hvaða áhrif örflæði og deilipjónusta gæti haft á ferðamátaval og notkun almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Rafhjól á Íslandi hafa notið aukinna vinsælda undanfarin ár og þykja þau henta vel á Íslandi þar sem landslagið er langt frá því að vera slétt. Á rafhjóli getur ferðin bæði orðið styttri vegna meiri hjólahraða og þægilegri vegna minni áreynslu. Með nákvæmara og betra mati á ferðahraða og áhrifa þess á leiðaval hjólandi verður betur hægt að skipuleggja stígakerfi höfuðborgarsvæðisins. Með þessu væri hægt að gera hjólreiðar meira aðlaðandi sem ferðamáta. En með því að gera hjólreiðar meira aðlaðandi eykst hlutdeild hjólreiða og fólk nýtir sér hjólreiðar í stað einkabílsins og þar af leiðandi dregst saman losun gróðurhúsalofttegunda á höfuðborgarsvæðinu.

Í þessu verkefni er gerð greining á mögulegum áhrifum örflæðis og aukning rafhjóla mun hafa á notkun almenningsamgangna og hjólreiðaá höfuðborgarsvæðinu. Til þess að greina þessi áhrif munu tækifæri samspils örflæðis og almenningsamgangna vera skoðuð auk aukningar á hraða hjólandi með aukningu rafhjóla, og hvernig það hefur áhrif á ferðamátaval. Greiningin verður gerð m.a. með því að kanna nokkrar sviðsmyndir í samgöngulíkani fyrir höfuðborgarsvæðið og greint áhrifin á ferðamátaval. Rannsóknir sem hafa nú þegar verið gerðar á notkun örflæðis og almenningsamgangna og hraða rafhjóla verða skoðaðar og niðurstöður úr líkaninu bornar saman við fyrri rannsóknir. Niðurstöður greiningarinnar verður síðan vonandi hægt að nota til þess að bæta samgöngulíkanið fyrir höfuðborgarsvæðið fyrir alla samgöngumáta.